

---

## Brennsluofn fyrir dýraleifar á Strönd á Rangárvöllum

### Álit um mat á umhverfisáhrifum

---

## 1 INNGANGUR

### 1.1 Framlagning matsskýrslu og ósk um álit

Þann 25. mars 2021 lagði Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. fram matsskýrslu um brennsluofn fyrir dýraleifar á Strönd á Rangárvöllum og óskaði eftir álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sbr. 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun staðfesti móttöku matsskýrslunnar með tölvupósti 25. mars 2021.

#### Gögn

Matsskýrsla: Brennsluofn fyrir dýraleifar á Strönd á Rangárvöllum. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla. Unnið af Environice fyrir Sorpstöð Rangárvallasýslu bs., mars 2021.

Viðaukar með matsskýrslu, umfram það sem lá fyrir í frummatsskýrslu:

- Umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu.
- Samantekt athugasemda og viðbrögð við þeim.

### 1.2 Kynning frummatsskýrslu

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. lagði fram frummatsskýrslu um brennsluofn fyrir dýraleifar á Strönd á Rangárvöllum til athugunar Skipulagsstofnunar þann 25. janúar 2021, sbr. 10. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 4. febrúar 2021 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og Búkollu. Frummatsskýrslan lá frammi til kynningar frá 4. febrúar til 19. mars 2021 á skrifstofu Rangárþings ytra og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Rangárþings ytra, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

#### Gögn

Frummatsskýrsla: Brennsluofn fyrir dýraleifar á Strönd á Rangárvöllum. Mat á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla. Unnið af Environice fyrir Sorpstöð Rangárvallasýslu bs., janúar 2021.

Umsagnir um frummatsskýrslu bárust frá:

- Rangárþingi ytra, dags. 12. febrúar 2021
- Fiskistofu, dags. 8. febrúar 2021
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, dags. 25. febrúar 2021
- Minjastofnun Íslands, dags. 9. febrúar 2021
- Umhverfisstofnun, dags. 26. febrúar 2021
- Veðurstofu Íslands, dags. 26. febrúar 2021

Engar athugasemdir bárust frá almenningi á kynningartíma frummatsskýrslu.



## 2 FRAMKVÆMD

### 2.1 Forsaga

Í matsskýrslu kemur fram að undanfarin ár hafa dýraleifar frá sveitarfélögum og einkaaðilum á Suðurlandi farið til brennslu í Kólku eða til urðunar í Álfsnesi. Þessar förgunarleiðir standa ekki lengur til boða. Síðan í mars 2019 hafa allar dýraleifar frá Suðurlandi farið í urðun í Fíflholtum. Að jafnaði er um að ræða 100 tonn á mánuði. Urðun dýraleifa uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglugerðum um förgun dýraleifa í áhættuflokki 1 og 2, en þær teljast til áhættuvefja sem gætu borið riðusmit eða sem grunur leikur á að beri smitsjúkdóma sem geta borist í menn eða önnur dýr, sem og sjálfdaud dýr. Fyrirhuguð uppsetning á brennsluofni á Strönd er liður í lausn á þeim vanda sem skapast hefur af þessum sökum. Framkvæmdin er háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lið 11.02 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 þar sem um er að ræða förgunarstöð úrgangs sem meðhöndlar meira en 500 tonn af úrgangi á ári.

### 2.2 Um framkvæmdina

Fram kemur í matsskýrslu að Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. hefur rekið móttöku- og flokkunarstöð fyrir úrgang á Strönd á Rangárvöllum frá árinu 1993. Sorpstöðin áformar að koma upp brennsluofni á Strönd fyrir dýrahæ og aðrar dýraleifar (hér eftir nefnt dýraleifar) í áhættuflokki 1 og 2 frá sveitarfélögum og einkaaðilum á Suðurlandi. Brennsluofninn sem áformað er að setja upp er af gerðinni i8-1000A og kemur frá framleiðandanum Inciner8 í Bretlandi. Hámarksafkastageta ofnsins er um 4.000 tonn á ári en þá er miðað við að keyra ofninn á fullum afköstum allan sólarhringinn allan ársins hring. Raunhæft er að reikna með að afkastageta verði nær 1.500-3.000 tonn á ári þar sem væntanleg afköst eru 500-700 kg/klst og ekki stendur til að reka ofninn um helgar.

Brennsluofninn er 6,54 m á lengd, 1,84 m á breidd og 5,37 m á hæð. Ofninum verður komið fyrir í þar til gerðu brennsluhúsi, en verið er að frumvinna hugmyndir að uppsetningu. Gert er ráð fyrir bárujárnsklæddu húsi á steiptum grunni sem verður ívið minna en flokkunar- og móttökuhús sem fyrir er á svæðinu. Brennsluhúsið verður annað hvort staðsett á einni af lokuðu urðunarreinunum á norðausturhluta svæðisins eða nær aðstöðuhúsi sem fyrir er á svæðinu. Gert er ráð fyrir að hægt verði að geyma dýraleifar í skamman tíma í brennsluhúsi áður en að brennslu kemur og mun skipulagning þess svæðis fylgja ströngustu kröfum hvað varðar lekaheldni gáma/íláta undir dýraleifar. Einnig er gert ráð fyrir þvottaaðstöðu í brennsluhúsi þar sem hægt verður að þrifa og sótthreinsa gámana. Við brennsluhúsið verður settur upp olútankur sem uppfyllir öll skilyrði reglugerða um árekstrarvarnir og lekavarnir. Dísilolía er notuð til að halda uppi hita í brennslunni og er gert ráð fyrir að olíunotkunin nemi u.þ.b. 50 l/klst. við upphitun á ofninum en um 25 l/klst. þegar brennsla er í gangi.

Brennslan í brennsluofninum á sér stað við allt að 850°C. Gert er ráð fyrir að 3-5% af efninu sem kemur inn í ofninn verði að ösku, sem væntanlega inniheldur fyrst og fremst steinefni og er laus við lífræn efni. Magn öskunnar gæti numið u.þ.b. 100 tonnum á ári. Kannað verður hvort askan standist þau skilyrði sem Matvælastofnun gerir um nýtingu efnis til áburðar. Ákvörðun þar um verður þó í fyrsta lagi tekin þegar fyrstu mælingar á efnainnihaldi og annarri samsetningu öskunnar liggja fyrir. Reynist askan ekki nýtileg til áburðar, með eða án takmarkana, verður henni fargað í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Miklar líkur eru á að askan uppfylli skilyrði laganna um óvirkan úrgang. Verði það raunin verður heimilt að urða öskuna á Strönd.

### 2.3 Valkostir

Að mati framkvæmdaraðila er valinn kostur best til þess fallinn að leysa úr þeim vanda sem skapast hefur vegna lokunar á förgunarleiðum fyrir dýraleifar í áhættuflokki 1 og 2. Eins og staðan er í dag getur engin brennslustöð á Íslandi tekið við þeim. Því myndi þessi viðbót við núverandi rekstur á



Strönd vera lausn á þeim bráða vanda sem skapast hefur í þessum efnum. Þessi lausn verður tilbúin til notkunar mun fyrr en aðrar lausnir sem miðast við stærra þjónustusvæði og fela því í sér meiri fjárfestingu. Lausnin er þannig til þess fallin að stytta verulega þann tíma sem dýraleifum verður fargað með ófullnægjandi hætti eins og raunin hefur verið síðustu misseri. Ekkert bendir til að aðrir valkostir sem til greina kæmu hefðu í för með sér minni neikvæð áhrif á umhverfið. Með umræddri framkvæmd er auk heldur komið í veg fyrir tiltekna, óhjákvæmilega mengun sem ella myndi verða fram að þeim tíma þegar rekstur viðunandi förgunarstöðvar hefst.

### 3 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Í matsskýrslu Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. eru notaðar vægiseinkunnirnar verulega neikvæð, talsvert neikvæð, óveruleg, talsvert jákvæð og verulega jákvæð umhverfisáhrif. Gerð er grein fyrir vægiseinkunnum á bls. 26 í matsskýrslunni.

#### 3.1 Áhrif á loftgæði og loftslag

##### 3.1.1 Mat framkvæmdaraðila

Í matsskýrslu kemur fram að brennsluofninn er vottaður af stjórnvöldum í Bretlandi til staðfestingar á því að hann uppfylli öll skilyrði reglugerðar Evrópusambandsins um eyðingu dýraleifa (Annex III of The Animal By-Products Regulation (EU) No. 142/2011), (sbr. rgl. nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis). Í prufumælingu á óþekktum úrgangi frá Kanada var losun innan íslenskra viðmiðunarmarka um losunarmörk frá brennslustöðvum sem finna má í reglugerð nr. 550/2018 (Tafla 1). Framkvæmdaraðili bendir á að brennslustöðvar sem einungis meðhöndla dýraleifar falla ekki undir gildissvið reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. 6. mgr. (a.iii) 25. gr. reglugerðarinnar. Því eru ekki gerðar sambærilegar kröfur um mengunarvarnir við slíka brennslu og gilda um sorpbrennslustöðvar fyrir almennan úrgang. Um brennslustöðvar sem einungis meðhöndla dýraleifar gilda ákvæði reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur og skulu slíkar brennslustöðvar uppfylla skilyrði III. viðauka við reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011.

Tafla 1 Samanburður á leiðbeinandi viðmiðum Evrópusambandsins, viðmiðunarmörkum á Íslandi skv. reglugerð nr. 550/2018 og mældri meðallosun brennsluofns af gerðinni i8-1000A í Kanada (Tafla úr matsskýrslu).

Breyta (á ½ klst. að meðaltali)	Viðmið ESB og losunarmörk á Íslandi	Mæld meðallosun
Öskumyndun (e. total dust)	30 mg/m <sup>3</sup>	17 mg/m <sup>3</sup>
Brennisteinstvíoxíð (e. sulphur dioxide)	200 mg/m <sup>3</sup>	116,3 mg/m <sup>3</sup>
Köfnunarefnistvíoxíð (e. nitrogen dioxide)	400 mg/m <sup>3</sup>	361,9 mg/m <sup>3</sup>
Kolmónoxíð (e. carbon monoxide)	100 mg/m <sup>3</sup>	98,7 mg/m <sup>3</sup>

Fram kemur að ýmsir þættir hafa áhrif á raunlosun vegna brennslu, s.s. magn dýraleifa í hverri brennslulotu, rakastig úrgangsins, eldsneyti sem er notað og aðrar staðbundnar umhverfisaðstæður. Í brennsluferli ofnanna skiptir virkni eftirbrennara miklu máli til að koma í veg fyrir að mengunarefni fari yfir losunarviðmið, en mengunarefnin geta myndast á ný við kólnun í reykháfi. Í brennsluofninum sem um ræðir eru eftirbrennarar í brennsluhólfi tvö þar sem afgang frá brennsluhólfinu fer í gegnum hólfið og er hitastigi á afgasinu haldið yfir 850°C í meira en 2 sek. Við þann bruna er komið í veg fyrir mengun frá brennsluofninum. Brennsluofninn verður rekinn eftir



fyrirmælum framleiðanda og reglugerðum og leiðbeiningum frá opinberum aðilum til að tryggja skilvirgni í brennslu og lágmörkun á mengandi efnum.

Fram kemur að þrjú sláturfélög á landinu reka brennsluofna fyrir áhættuvefi frá eigin sláturúrgangi, þ.e. á Selfossi, Sauðárkróki og Blönduósi. Um er að ræða minni ofna en hér er til skoðunar. Samkvæmt upplýsingum frá viðkomandi heilbrigðiseftirlitum hafa kvartanir borist vegna lyktarónæðis frá ofnunum á Sauðárkróki og Blönduósi og hafa þeir verið færðir. Líkleg skýring er að ekki hafi verið hlaðið rétt í ofnana eða hitastigið ekki náð 850 °C. Í samtali við heilbrigðisfulltrúa kom einnig fram að stundum myndast reykur þegar verið er að koma ofnunum af stað, þ.e. áður en þeir ná réttu hitastigi, og auk þess séu ofnarnir frekar litlir þannig að oft og iðulega þurfi að bæta inn úrgangi. Þannig getur brennslan orðið ójöfn. Lögð hefur verið áhersla á rétta notkun ofnanna og skráningu á hitastigi sem einn af vöktunarpáttum.

Dísilolía er notuð til að halda uppi hita í brennslunni og er gert ráð fyrir að olíunotkunin nemi u.þ.b. 50 l/klst við upphitun á ofninum en um 25 l/klst þegar brennsla er í gangi. Brennslan sem slík er því til þess fallin að auka heildarlosun gróðurhúsalofttegunda, en á móti kemur að olía sparast vegna minni flutninga þegar hætt er að flytja dýraleifar lengri leiðir til förgunar. Koldíoxíð losnar einnig þegar hræin sjálf eru brennd. Hingað til hefur þessi úrgangur að mestu leyti farið til urðunar, en við urðun lífræns úrgangs losnar metan sem er u.þ.b. 28 sinnum öflugri gróðurhúsalofttegund en koldíoxíð. Ekki hefur verið lagt mat á nettóáhrif hræbrennslunnar á losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, en líklega má ætla að þau verði óveruleg að teknu tilliti til framangreindra ástæðna. Áhrif framkvæmdar á loftgæði og loftslag eru talin óveruleg.

### 3.1.2 Umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu

Umhverfisstofnun tekur undir mat framkvæmdaraðila á áhrifum á loftgæði og loftslag og telur umfjöllunina fullnægjandi.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að í frummatsskýrslu kemur fram að starfsemin sé undanskilin reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit skv. 25. gr. sem fjallar um gildissvið kafla IV um brennslustöðvar. Umhverfisstofnun telur að IV. kafli reglugerðar nr. 550/2018 mælir fyrir um skilyrði fyrir brennslustöðvar sem eru umfram þau almennu skilyrði starfsleyfis sem fram koma í reglugerðinni. Þetta þýðir ekki að starfsemin sé undanskilin reglugerð nr. 550/2018. Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir förgunarstaði úrgangs, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Í b. lið 3. mgr. 2. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs kemur skýrt fram að lögin taka til aukaafurða úr dýrum sem eiga að fara í brennslu og því er skýrt að lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðir settar samkvæmt þeim, svo sem reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, eigi við um starfsemina.

Að því sögðu tekur stofnunin undir það sem fram kemur í frummatsskýrslu um að brennsluofninn þurfi að uppfylla kröfur fyrir leyfi til förgunar skv. 6. gr. reglugerðar nr. 142/2011 um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, og tilgreindar eru í III. viðauka þeirrar reglugerðar. Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu sé gerð grein fyrir þeim kröfum sem brennsluofninn mun uppfylla á fullnægjandi hátt.

### 3.1.3 Niðurstaða

Í ákvörðun um matsáætlun fyrir framkvæmdina setti Skipulagsstofnun skilyrði um að gerð yrði grein fyrir upplýsingum um mælda losun frá aðilum sem nota sambærilegan búnað. Framkvæmdaraðili hefur aðeins lagt fram eina prufumælingu á óþekktum úrgangi sem hann virðist hafa fengið hjá framleiðanda brennsluofnsins. Niðurstöður mælingarinnar benda til að mengunarefni í útblæstri séu undir viðmiðunarmörkum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og



mengunarvarnaeftirlit. Framkvæmdaraðili hefur bent á að þessi viðmiðunarmörk eiga ekki við um brennslu dýraleifa. Samt sem áður verður ekki horft fram hjá því að engar staðfestar mælingar liggja fyrir um losun mengunarefna við brennslu dýraleifa. Þar af leiðandi telur Skipulagsstofnun ákveðna óvissu til staðar um magn mengunarefna í útblæstri og þar með áhrif á loftgæði. Engu að síður er ljóst að brennsluofninn kemur til með að uppfylla öll skilyrði reglugerðar Evrópusambandsins um eyðingu dýraleifa. Þar af leiðandi má gera ráð fyrir að áhrif á loftgæði verði óveruleg, að því gefnu að hreinsivirkni virki sem skyldi og rekstraraðili fylgi leiðbeiningum framleiðanda og kröfum í reglugerðum og starfsleyfi. Skipulagsstofnun telur að í starfsleyfi þurfi að setja viðmiðunarmörk fyrir mengunarefni í útblæstri frá brennsluofninum, skilyrði um vöktun mengunarefna og mótvægisáðgerðir ef losun er ekki innan marka.

## 3.2 Lyktarónæði

### 3.2.1 Mat framkvæmdaraðila

Í matsskýrslu kemur fram að ríkjandi vindáttir og vindstyrkur voru skoðuð á svæðinu og fjarlægðir að byggð og útivistarstöðum. Lífrænn úrgangur er helsti orsakavaldur lyktar frá meðhöndlun úrgangs og því er sá möguleiki alltaf fyrir hendi að ólykt myndist þar sem slíkum úrgangi er safnað. Með réttu og skipulögðu fyrirkomulagi á geymslu úrgangsins er hægt að takmarka verulega myndun ólyktar og jafnvel koma alveg í veg fyrir hana. Ef ekki er unnt að hefja brennslu á dýraleifum sama dag og þær berast verður tryggt að þær valdi ekki lyktarmengun og séu varðar fyrir ágangi meindýra með því að geyma þær í þar til gerðum lokuðum gámum sem uppfylla öll slík skilyrði. Í dag er sláturúrgangi og öðrum lífrænum úrgangi safnað í þar til gerða gáma á svæðinu sem síðan eru fluttir í annan landshluta til urðunar eða brennslu. Ekki hafa skapast teljandi lyktarvandamál vegna þessa hingað til. Gert er ráð fyrir að magn dýraleifa sem fellur til muni aukast, sem eykur þá jafnframt líkur á lyktarvandamálum. Á móti kemur að tíðni losunar á gámum mun að öllum líkindum aukast, sem aftur er til þess fallið að draga úr líkum á lyktarónæði. Möguleg uppspretta ólyktar við brennslu gæti verið þegar kaldur ofninn er gangsettur og/eða við ófullkominn bruna í ofninum. Slíkt ætti ekki að vera fyrirstaða við rétta meðhöndlun á ofninum, svo og kröfum í reglugerð og starfsleyfi. Þá verður undirþrýstingur í húsinu fyrir brennsluofninn sem tryggir að allt innloftið fer í gegnum brennsluofninn. Almenn er talið að lyktarónæðis verði ekki vart þegar fjarlægðarmörk eru allt að 1 km, eins og í þessu tilviki. Hingað til hefur starfsemi á Strönd ekki haft áhrif á nærliggjandi umhverfi vegna ólyktar. Ekki er talið líklegt að það muni breytast með tilkomu brennsluofns á svæðið, sér í lagi vegna fjarlægðar og vindafars, svo og vegna styttri geymslutíma á úrgangi/dýraleifum og með réttu verklagi við brennslu. Ef nauðsyn krefur verður hægt að nota kolasíur til að lágmarka ólykt. Áhrif framkvæmdar á lyktarónæði á svæðinu eru talin tímabundin, staðbundin og óveruleg.

### 3.2.2 Umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu

Umhverfisstofnun telur að lykt frá starfseminni á Strönd kunni að aukast með tilkomu brennsluofns miðað við núverandi ástand. Stofnunin telur þó ekki að lyktarónæði muni aukast að því marki að valda talsvert neikvæðum áhrifum og eru áhrifin því frekar metin óveruleg.

### 3.2.3 Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur að álag vegna lyktarónæðis frá starfsemi Sorpstöðvar Rangárvallasýslu á Strönd geti aukist með tilkomu brennsluofnsins en áhrifin ættu að vera óveruleg ef boðuðum mótvægisáðgerðum verður fylgt.



### 3.3 Áhrif á vatnsgæði

#### 3.3.1 Mat framkvæmdaraðila

Í matsskýrslu kemur fram að ekkert frárennsli er frá brennsluofninum en framkvæmdin mun þó mynda nokkuð frárennsli vegna þrifa á gámum. Á þessu stigi er ekki hægt að áætla vatnsmagnið en það mun að öllum líkindum ekki vera mikið þar sem ekki er um stöðugt rennsli að ræða auk þess hreinsunin mun fara fram með háþrýstítæki innandyrna, en háþrýstipvottur telst sem vatnssparandi aðgerð. Gert er ráð fyrir að vökvi sem myndast í gámum við flutning fari allur í brennsluofninn með öðru innihaldi gámana. Þvottavatnið úr gámunum gæti þó innihaldið nokkuð af lífrænum efnum úr dýrum og mun því flokkast sem sóttmengað m.t.t. dýrasjúkdóma. Þvottavatnið verður leitt í söfnunarþró í gólfi brennsluhússins og þaðan út í tanka utan við húsið. Fráveituvatnið verður hreinsað í viðeigandi hreinsistöð og sótthreinsað fyrir losun í viðtaka, í samræmi við lög og reglur. Engin ofanvatnsmengun ætti að stafa af geymslu dýraleifa í gámum á svæðinu, enda hefur ekkert slíkt komið fyrir í rekstrinum hingað til. Í gildi er viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar á urðunarstaðnum og mun sú áætlun ná yfir fyrirhugaða framkvæmd. Verði mengunarslys, t.d. af völdum olíuleka, verður brugðist við í samræmi við viðbragðsáætlunina. Gert er ráð fyrir áframhaldandi vöktun á grunnvatni og hauggasi til samræmis við nágildandi starfsleyfi. Auk þess er lagt til að samsetning frárennslisvatns verði vöktuð. Áhrif framkvæmdar á vatnsgæði eru talin óveruleg.

#### 3.3.2 Umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji að í matsskýrslu ætti að gera grein fyrir því hvernig staðið verður að hreinsun vatns sem fellur til við þrif á gámum og í hvaða viðtaka það verður losað að lokinni hreinsun. Umhverfisstofnun minnir jafnframt á skilyrði fráveitu stöðva sem fram kemur í 2. þætti, II. kafla III. viðauka reglugerðar nr. 142/2011.

#### 3.3.3 Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdar á vatnsgæði verði óveruleg svo lengi sem boðuðum mótvægisáðgerðum og gildandi reglum verður fylgt. Skipulagsstofnun telur þó mikilvægt að í starfsleyfi verði sett ákvæði um fyrirkomulag frárennslis og hreinsunar afrennslisvatns.

### 3.4 Áhrif á ásynd

#### 3.4.1 Mat framkvæmdaraðila

Í matsskýrslu kemur fram að nokkuð vel hefur tekist að fella núverandi mannvirki sorpstöðvarinnar að landinu, enda er umhverfi stöðvarinnar frekar flatt og lágrest. Manir umhverfis svæðið eiga stærstan þátt í þeirri aðlögun og má telja að manir og önnur mannvirki á svæðinu dragi úr sjónrænum áhrifum brennsluhússins. Ekki er búið að hanna brennsluhúsið að fullu en gert er ráð fyrir að það verði ívið minna en flokkunar- og móttökuhúsið sem fyrir er á svæðinu. Einungis ef rekstrarskilyrði brennsluofnsins eru ekki uppfyllt gæti reykur orðið sýnilegur en hann á alla jafna að vera gegnsær. Áhrif framkvæmdar á ásynd og sjónræna þætti eru því talin óveruleg.

#### 3.4.2 Umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu

Viðbót brennsluhússins á Strönd kann að mati Umhverfisstofnunar að auka neikvæð sjónræn áhrif á svæði vegna flatlendis en geta þau áhrif ekki talist talsvert neikvæð. Tekur stofnunin því undir mat frummatsskýrslu um að áhrifin verði óveruleg.

#### 3.4.3 Niðurstaða

Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðila um að áhrif á ásynd verði óveruleg.



## 3.5 Áhrif á lífríki

### 3.5.1 Mat framkvæmdaraðila

Í matskýrslu kemur fram að lífrænum sláturúrgangi og öðrum lífrænum úrgangi er í dag safnað á urðunarstaðnum á Strönd í þar til gerða gáma sem síðan eru fluttir í annan landshluta til urðunar eða brennslu. Eins og komið hefur fram í fyrra mati og eftirlitsskýrslum hefur ágangur meindýra ekki verið talinn vandamál á svæðinu. Með fyrirhugaðri framkvæmd má áætla að magn dýraleifa á svæðinu á hverjum tíma muni aukast. Á móti kemur að tíðni losunar á gámum mun að öllum líkindum aukast og því er aðeins reiknað með skömmum geymslutíma fyrir brennslu. Dýraleifarnar verða auk þess geymdar í lokuðum vökvaheldum stálgámum og úrgangur ætti því ekki að vera aðgengilegur fyrir fugla og meindýr. Það er helst við losun og þvott sem hættu er á að lífrænn úrgangur geti orðið aðgengilegur meindýrum, en slíkt mun þó eiga sér stað innan dyra. Lögð verður áhersla á að skipuleggja söfnun og brennslu dýraleifa þannig að alla jafna sé hægt að brenna þær jafnóðum og þær berast. Þannig er dregið verulega úr líkum á ágangi meindýra. Rík áhersla verður lögð á viðeigandi verklag og hreinlæti í þeim efnum. Þá verða áframhaldandi meindýravarnir stundaðar á svæðinu eins og verið hefur undanfarna áratugi. Áhrif framkvæmdar á ásókn fugla og meindýra á svæðið eru því talin óveruleg. Ekki er gert ráð fyrir neinum áhrifum á gróður.

### 3.5.2 Umsagnir og athugasemdir við frumatskýrslu

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við mat framkvæmdaraðila.

### 3.5.3 Niðurstaða

Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðila um að tilkoma brennsluofnsins ætti að hafa óveruleg áhrif á ágang fugla og meindýra.

## 3.6 Áhrif á samfélag og atvinnulíf

### 3.6.1 Mat framkvæmdaraðila

Framkvæmdaraðili telur ljóst að framkvæmdin hafi jákvæð áhrif á ýmsa samfélags- og efnahagslega þætti. Með framkvæmdinni opnast leið til viðunandi förgunar dýraleifa, en slík förgun er mikilvæg þjónusta fyrir atvinnulífið á svæðinu. Jafnframt styrkir brennslan rekstur sorpförgunarsvæðisins á Strönd og skapar aukin atvinnutækifæri þar. Auknir flutningar frá samlagssveitarfélögum skapa auk þess störf meðan á rekstri stendur. Suðaustan við framkvæmdasvæði er 18 holu golfvöllur og norðaustan við það er skógræktarsvæði. Hingað til hafa áhrif af starfsemi urðunarsvæðisins talist óveruleg þar sem hvorki hefur verið um að ræða verulegt fok á rusli né ólykt frá urðunarstaðnum. Áhrif framkvæmdar á samfélag og atvinnulíf eru því talin talsverð jákvæð.

### 3.6.2 Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur það jákvætt að tekin sé upp förgun á dýraleifum sem samræmist gildandi reglum.

## 3.7 Áhrif á hljóðvist og umferð

### 3.7.1 Mat framkvæmdaraðila

Í matskýrslu kemur fram að talsverð umferð og umgengni er um urðunarsvæðið vegna núverandi rekstrar þess í dag. Með fyrirhugaðri framkvæmd má gera ráð fyrir aukinni umferð flutningatækja inn á svæðið, en að sama skapi dregur úr umferð slíkra tækja á lengri leiðum, þar sem með tilkomu ofnsins dregur úr flutningum dýraleifa á milli landshluta. Á framkvæmdatíma myndast einhver hávaði við uppsetningu brennsluhússins, en mun standa stutt yfir, og á rekstartíma eru hverfandi



líkur á hávaðamengun. Rekstraraðili hefur lagt áherslu á að takmarka hávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er, enda kveðið á um slíkt í nágildandi starfsleyfi. Ekki hafa borist kvartanir um hávaða frá starfseminni hingað til. Sé tillit tekið til annars vegar tíðni umferðar til og frá sorpstöðinni og hins vegar til þjóðvegaumferðar í nágrenninu, til fjarlægðar sorpstöðvarinnar frá næstu nágrönnum og til jarðvegsmana, auk hávaða frá ofninum sjálfum (sem er <70 dB í eins metra fjarlægð), má ætla að áhrif framkvæmdarinnar á hljóðvist og umferð verði óveruleg.

### 3.7.2 Umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu

Umhverfisstofnun tekur undir mat framkvæmdaraðila.

### 3.7.3 Niðurstaða

Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðila um að áhrif á hljóðvist og umferð verði óveruleg.

## 4 SKIPULAG OG LEYFI

### 4.1 Skipulag

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Rangárpings ytra 2016-2028.

Framkvæmdin er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag fyrir svæðið sem samþykkt var þann 21. ágúst 2013. Skipulagsstofnun bendir á að staðfest deiliskipulag þarf að liggja fyrir áður en framkvæmdaleyfi verður gefið út.

### 4.2 Leyfi

Framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og framkvæmda- og byggingarleyfi frá Rangárpingi ytra.

## 5 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 11. gr. laga og 26. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. um brennsluofn fyrir dýraleifar á Strönd á Rangárvöllum sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur það jákvætt að tekin sé upp förgun á dýraleifum sem samræmist gildandi reglum. Framkvæmdin er helst talin geta haft neikvæð áhrif á loftgæði, vatnsgæði og lyktarónæði en áhrifin ættu að vera óveruleg ef vandað er til verka við undirbúning og framkvæmd brennslunnar. Skipulagsstofnun telur að í starfsleyfi þurfi að setja viðmiðunarmörk fyrir mengunarefni í útblæstri frá brennsluofninum, skilyrði um vöktun mengunarefna og mótvægisáðgerðir ef losun er ekki innan marka.

Varðandi nánari umfjöllun um umhverfisáhrif brennsluofns fyrir dýraleifar á Strönd vísast til niðurstaðna í 3. kafla að framan og umfjöllunar um framkvæmdatilhögun, mótvægisáðgerðir og vöktun sem gerð er grein fyrir í matsskýrslu framkvæmdaraðila.





Reykjavík, 15. júní 2021

Egill Þórarinsson

Jón Þórir Þorvaldsson